

Ed.

1005. Nefndarálit

[431. mál]

um frv. til l. um virðisaukaskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin athugaði frumvarpið ítarlega á sex fundum og voru henni til aðstoðar Indriði H. Þorláksson, Stefán Friðfinnsson og Lárus Ögmundsson frá fjármálaráðuneyti og frá ríkisskattstjóra Garðar Valdimarsson og Jón Guðmundsson.

Til viðtals við nefndina komu: Friðgeir Indriðason og Gunnar S. Björnsson frá Meistara- og verktakasambandi byggingarmanna og Haraldur Sumarliðason og Þórleifur Jónsson frá Landssambandi iðnaðarmanna, Ólafur Davíðsson frá Félagi ísl. iðnrekenda, Erna Hauksdóttir, Einar Olgeirsson, Bjarni I. Árnason og Konráð Guðmundsson frá Sambandi veitinga- og gistihúsa, Magnús Hreggviðsson frá Samtökum útgefenda tímarita, Hákon Sigurgrímsson og Gísli Karlsson frá Stéttarsambandi bænda, Vilhjálmur Egilsson, Magnús Finnsson og Árni Reynisson frá Samstarfsráði verslunarinnar, Sigurður Björgvins-son frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sveinn Hjörtur Hjartarson og Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Ágúst Einarsson, Arnar Sigurmundsson, Ágúst H. Elíasson og Sturlaugur Sturlaugsson frá Sambandi fiskvinnslustöðva, Böðvar Sigvaldason og Þorsteinn Þorsteinsson frá Landssambandi veiðifélaga og Ásmundur Stefánsson og Ari Skúlason frá Alþýðusambandi Íslands.

Fulltrúar sjávarútvegs, iðnaðar og verslunar mæltu almennt með því að virðisauka-skattur yrði tekinn upp í stað söluskatts þótt athugasemdir og fyrirspurnir kæmu fram um einstök atriði sem ýmist lutu að einstökum lagagreinum eða framkvæmd þeirra.

Fulltrúar Alþýðusambands Íslands lögðu áherslu á andstöðu sína við að einungis ein skattþróenta væri í frumvarpinu sem tæki til allrar vöru og þjónustu og lýstu þeirri skoðun að ekki ætti að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts.

Löggjöf um virðisaukaskatt er viðamikil og flókin og framkvæmd hennar þarf vel að vanda þegar í upphafi. Augljóst er að við undirbúning framkvæmdarinnar kemur fram ýmislegt sem gerir það nauðsynlegt að breyta lögunum í einstökum atriðum og hefur af þeim sökum verið ákveðið að skipuð verði sérstök nefnd fulltrúa stjórnarflokkanna og embættis- manna er fylgist með öllum undirbúningi og taki til umfjöllunar þau áhorfsmál sem upp kunna að koma. Jafnframt er nefndinni falið að taka til athugunar einstök álitamál og hliðarráðstafanir sem þeim tengjast og geta eftir atvikum gert það nauðsynlegt að til

lagabreytingar þurfi að koma á hausti komanda og eru eftirtalin atriði meðal þess sem nefndin fjallar um:

1. Mat á skattprósentu virðisaukaskatts.
2. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við nýbyggingar eða endurbætur og meiri háttar viðhald á íbúðarhúsnæði og annað sem tengist byggingarstarfsemi.
3. Reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts af orkugjöfum til hitunar íbúðarhúsnæðis.
4. Reglur um skattskil af hráefni til fiskvinnslu sem tryggir jafna stöðu fiskvinnslufyrirtækja hvort sem þau gera út eigin skip eða ekki. Tryggt verði að endurgreiðsla á virðisaukaskatti þeim sem leggst á hráefni fiskvinnslufyrirtækja gangi það greiðlega fyrir sig að ekki valdi íþyngjandi rekstrarfjárvanda.
5. Reglur um það hvernig skuli farið með virðisaukaskatt af menningar- og listastarfsemi.
6. Reglur sem tryggja að jafnræði sé í samkeppni einkafyrirtækja og opinberra aðila.
7. Reglur um það hversu skattskilum skuli háttað af útgáfu tímarita.
8. Reglur um skattskil í viðskiptum bænda og afurðastöðva og annað sem varðar landbúnað sérstaklega.
9. Reglur um heimild til að veita gjaldfrest á innflutningi.
10. Reglur um það hvernig með virðisaukaskatt af fólksflutningum skuli farið.
11. Önnur atriði sem upp kunna að koma.

Gert er ráð fyrir að á grundvelli þessa verði lagt fram frumvarp til breytingar á lögum um virðisaukaskatt á haustþinginu.

Meiri hl. nefndarinnar flytur breytingartillögur á sérstöku þingskjali og eru aðalatriði þeirra þessi:

1. Lagt er til að undanþáguákvæði 2. gr. varðandi menningar- og listastarfsemi verði rýmkuð, en jafnframt er gert ráð fyrir því að starfsnefnd fjármálaráðuneytisins athugi sérstaklega um það hvernig með virðisaukaskatt af slíkri starfsemi skuli farið og athuga þarf hvernig þau ákvæði grípa inn í útgjöld samkvæmt fjárlögum til menningar og lista.
2. Eins og frumvarpið liggur fyrir er gert ráð fyrir því að útleiga íbúðarhúsnæðis sé undanþegin virðisaukaskatti. Í breytingartillögunum er gert ráð fyrir að undanþáguákvæðið taki til allrar fasteignaleigu, þar með til leigu hótél- eða gistihbergja og samkomuhúsa.
3. Lagt er til að sala á tímaritum verði undanþegin virðisaukaskatti.
4. Lagt er til að með afnotagjöld útvarpsstöðva skuli farið eins og um sölu dagblaða og sambærilegra landsmála og héraðsfréttablaða skv. 12. gr.
5. Gerð er sú breyting á 41. gr. að sektarákvæði vegna vangoldins virðisaukaskatts skuli ekki vera forgangskrafa í þrotabúi. Styðst það við þau rök að hér er ekki um vörslufé að ræða eins og um virðisaukaskattinn sjálfan.
6. Breytingarnar á 47. gr. lúta að því að staða fiskvinnslufyrirtækja gagnvart virðisaukaskatti skuli vera sú sama, hvort sem þau standa fyrir rekstri fiskiskipa sjálf eða ekki. Er það í samræmi við ábendingar frá útvegsmönnum og fulltrúum fiskvinnslunnar. Sérstaklega verður fjallað um útfærslur á þessum reglum í starfsnefnd fjármálaráðuneytis.
7. Síðustu þrjár breytingartillögurnar lúta að því að lögin taki þegar gildi, en skattheimta samkvæmt þeim komi eigi til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1989.

Alþingi, 4. maí 1988.

Halldór Blöndal,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Eiður Guðnason.

Jóhann Einvarðsson.

Valgerður Sverrisdóttir.